

## Stjórnarfundur 19.09.2016

Stjórnarfundur haldinn að heimili formanns Jóns Bjarnasonar. Mættir voru Sjonni, Nonni og Guðrún María. Allir stjórnarmenn og varamenn voru boðaðir en sáú sér ekki fært að mæta. Eins voru vatnsveitumenn boðaðir, bæði Benni og Einar en þeir mættu ekki. Benni sendi greinargerð til stjórnar fyrir fund.

Rætt var um nýju vatnsveituna bæði framkvæmd og árangur. Fyrir liggur beiðni frá bæði Benna og Einari upp á útlagðan kostnað og greiðslu vegna vinnutaps og ákveðið var að greiða þennan kostnað. Sjonni hefur samband við viðkomandi og gengur frá þessu.

Einnig kom fram að Sveinn Val hafði ekki rukkað fyrir brennukostnaði og veitingum og ætlaði Sjonni að tala við hann um það. Ekki hefur brennusvæðið enn verið hreinsað og þarf að fá einhvern til að klára það. Greitt hefur verið um kr. 30.000.- fyrir það síðustu ár. Spurning hvort einhver félagsmaður vill taka það að sér?

Geyma á alla vegagerð fram til næsta sumars og einnig hliðgrindur. Sjonni ætlar að kynna sér hvernig hægt er að gera ristarnar rolluheldar.

Guðrún ætlar að halda beiðni um rafmagns GSM hlið vakandi hjá hreppnum. Senda inn formlega beiðni og helst að láta gera teikningar af hugmynd af staðsetningu til að senda með beiðninni. Það er á reiki hvort hreppurinn sé jákvæður eða neikvæður gagnvart hugmyndinni og eina leiðin til að fá úr því skorið er að láta taka þetta fyrir með formlegum og rekjanlegum hætti.

Rætt var stuttlega um hugmyndir um vegasamlag milli félagsins og lóða hinum megin við lækinn til að einfalda skiptingu á kostnaði vegna sameiginlegra framkvæmda. Ákveðið var að bíða með þær hugmyndir þangað til umsókn um sameiginlegt hlið hefur verið tekin fyrir.

Ekki var farið í vinnu við að setja upp ný skilti þetta sumar. Rikki ætlar að gera það næsta sumar. Ítrekað var að allir sem ekki hafa þinglýst sameiningu lóða fyrir aðalfund þurfa að greiða 2 gjöld. Það er ekki nóg að tilkynna stjórn um áætlun um að sameina lóðir.

Ákveðið var að félagið mun standa straum á kostnaði vegna nettengingar fyrir myndavélar og veðurstöð. Einnig var ákveðið að setja upp nýja myndavél fyrir félagið og bjóðast til að greiða fyrir hana.

Einnig var ákveðið að félagið greiðir ekki fyrir vinnu fyrir félagið nema í sérstökum verkefnum þar sem menn leggja extra vinnu fram. Í þeim tilvikum þarf að ræða og samþykkja greiðslufyrirkomulag fyrirfram.

